

A 1842/kultur

Afgreiðsla Norræna þekkingar- og menningarnefndin

Nefndarálit Norrænu þekkingar- og menningarnefndarinnar um þingmannatillögu um miðla- og upplýsingalæsi

Tillaga

Þekkingar- og menningarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að skipa starfshóp sem falið verði að móta stefnu um menntun í miðla- og upplýsingalæsi fyrir alla aldurshópa.

Greinargerð

Landsdeild Íslands í Norðurlandaráði lagði tillögu sína *Fjölmiðla- og upplýsingalæsi* fram á fundi nefndarinnar 22. júní 2020. Aðgangur að traustum upplýsingum er forsenda upplýstrar umræðu. Undanfarin ár hefur borið meira á því að dreift sé villandi og fölskum upplýsingum, svokölluðum falsfréttum, og með tilkomu samfélagsmiðla og aukinni notkun þeirra fer vandinn ört vaxandi. Eftir því sem tækninni fleygir fram reynist sífellt erfiðara að greina milli raunverulegra fréttu og falsfréttu. Mikilvægi miðla- og upplýsingalæsis hefur því aldrei verið meira, en í hugtakinu felst hæfnin til að greina falsfréttir frá raunverulegum fréttum.

Falsfréttir og áhrif þeirra á kosningaúrslit og lýðræðið almennt hafa verið mikið til umræðu undanfarin ár, einkum í kjölfar forsetakosninganna í Bandaríkjunum í nóvember 2016 og þjóðaratkvæðagreiðslunnar um Brexit í Bretlandi sama ár. Rannsóknir hafa leitt í ljós að erlendir aðilar hafa reynt að hafa áhrif á kosningar með ýmsum aðferðum, þar á meðal með því að dreifa falsfréttum.

Á Norðurlöndum hefur megináhersla verið lögð á að kenna börnum og ungmennum heimildarýni, en erlendar rannsóknir hafa aftur á móti sýnt að fólk 65 ára og eldra er líklegast til að deila falsfréttum á samfélagsmiðlum. Hætt er við að einmitt þessi hópur festist í vítahring þar sem margvíslegum upplýsingum um notendur miðlanna er safnað í þeim tilgangi að beina til þeirra sérsniðnum áróðri.

Upplýsingaóreiða kemur helst til tals þegar fjallað er um umdeild samfélagsleg málefni. Markmiðið er að dreifa áróðri eða hafa villandi áhrif á samfélagslega umræðu. Upplýsingaóreiða hefur áhrif á getu almennings til að afla sér rétttra



upplýsinga um stefnu og ákvarðanir stjórnvalda og annað sem varðar hagsmuni hans. Hún eitrar samfélagslega umræðu, eykur spennu milli landa og grefur undan kosningakerfum, en áhrif þess geta verið mjög alvarleg.

Í ljósi skaðlegra áhrifa upplýsingaóreiðu á lýðræði og upplýsingarétt almennings hafa norrænu ríkin hvert um sig hafið gagngera skoðun á því hversu mikil þessi áhrif eru, auk kortlagningar á fölskum upplýsingum sem virðast koma frá tilteknum einstaklingum eða löndum. Settar hafa verið reglur til að draga úr upplýsingaóreiðu og stærstu samfélagsmiðlarnir hafa skuldbundið sig til að fylgja þeim.

Ein árangursríkasta leiðin til að bregðast við upplýsingaóreiðu er að efla vitund almennings um hana og auka þjálfun í heimildarýni. Stjórnvöld á Norðurlöndum hafa í misríkum mæli stuðlað að aukinni fræðslu á sviði miðla- og upplýsingalæsis, einkum meðal þeirra notenda samfélagsmiðla, svo sem aldraðra, sem eiga erfiðast með að verjast hættum á þeim vettvangi. Engu að síður þarf að gera betur í því efni til þess að standa vörð um lýðræðið og samfélagsleg réttindi á borð við almennar kosningar og þjóðaratkvæðagreiðslur. Sum Norðurlandanna eru komin lengra á veg en hin að því er varðar menntun í miðla- og upplýsingalæsi og kortlagningu upplýsingaóreiðu og geta þess vegna miðlað af þeirri reynslu til þeirra sem eru komin skemmra á veg. Við það bætist að fullnægjandi upplýsingar liggja ekki fyrir um áhrifin sem upplýsingaóreiða getur hugsanlega haft á Norðurlöndin sem heild og á samstarf ríkjanna.

Sjónarmið nefndarinnar

Nefndarmenn voru einhuga um að styðja tillögu landsdeildar Íslands *Fjölmiðla- og upplýsingalæsi*. Í baráttunni við upplýsingaóreiðu er lögð megináhersla á að auka miðla- og upplýsingalæsi almennings (Media and Information Literacy – MIL), en það er samheiti yfir færni sem gerir fólki kleift að meðhöndla, meta og greina þann straum upplýsinga sem berst gegnum miðla af ýmsu tagi. Fyrirtæki og stofnanir á þessu sviði, yfirvöld sem fara með fjölmiðlamál í hverju landi og fleiri slíkir aðilar líta svo á að efla þurfi miðla- og upplýsingalæsi með kerfisbundnum hætti, til dæmis með því móta opinbera stefnu í hverju landi, efla rannsóknir á þessu sviði, koma á fót sérstökum umræðuvettvöngum fyrir stefnumótun og framkvæmd, og auka vitund fólks um mikilvægi miðla- og upplýsingalæsis með því að benda á hættuna sem almenningi getur stafað af kunnáttuleysi á þessu sviði.

Nefndin telur að með samhæfingu milli norrænu ríkjanna gæti náðst góður árangur við að efla miðla- og upplýsingalæsi í öllum aldurshópum. Fela mætti starfshópi skipuðum fulltrúum þeirra yfirvalda í hverju landi sem fara með fjölmiðlamál og öðrum sérfræðingum að til dæmis:

- kortleggja útbreiðslu upplýsingaóreiðu á Norðurlöndum,
- kortleggja aðgerðir og „best practices“ norrænu ríkjanna fyrr og nú gegn upplýsingaóreiðu,
- móta sameiginlega norræna heildarstefnu til þess að auka miðla- og upplýsingalæsi,



- taka saman yfirlit um lög, reglur og námskrár Norðurlandanna á þessu sviði og móta skýrar tillögur til breytinga,
- móta tillögur um hvernig norrænar stofnanir geta stuðlað að ofangreindum markmiðum.

Norðurlöndum 15. september 2020

Angelika Bengtsson (SD)

Anna Kolbrún Árnadóttir (Mifl)

Camilla Gunell (ÅSD)

Daniel Riazat (V)

Erlend Wiborg (FrP)

Henrik Møller (S)

Johan Kvarnström (sd)

Jorodd Asphjell (A)

Jouni Ovaska (cent)

*Kjell-Arne Ottosson (KD), **formaður***

Lars Mejern Larsson (S)

Marianne Synnes Emblesvåg (H)

Mikko Kinnunen (cent)

Norunn Tveiten Benestad (H)

Sebastian Tynkkynen (saf)

Veronika Honkasalo (vinstri)